

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	19090303	Ábm.	ESG
Málal.	04.02.02	Aðrir	JMP
Mótt.	28.11.2019		
Aths.			

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 25.11.2019
Tilv. 2019/0823 - 0.3.01
SGI

Efni: Umsögn: Mál nr. 213/2019 - raforkumælingar og tækniröfur til mælibúnaðar

Neytendastofa vísar til máls nr. 2013/2019 í samráðsgátt um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar. Neytendastofa vill almennt benda á að sérsvið stofnunarinnar er eftirlit með mæltækjum og mælingum, sbr. lög nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn. Ákvæði laga nr. 91/2006 gilda um öll mælitæki sem seld eru og markaðssett hér á landi, notkun þeirra og löggildingarskyldu. Á grundvelli laganna hefur ráðherra jafnframt innleitt með reglugerðum samhæfðar reglur sem gilda á EES-svæðinu um mælitæki, sbr. reglugerð 876/2016, um mælitæki.

Neytendastofa vill jafnframt benda á að hlutverk stofnunarinnar er að fara með framkvæmd laganna í umboði ráðherra og vera ráðuneytinu og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um mælifræðileg málefni, sbr. 4. gr. laga nr. 91/2006. Neytendastofa telur miður að ekki hafi verið haft samráð við stofnunina við undirbúning að gerð reglugerðarinnar. Stofnunin vill benda á að reglugerðardrögin byggja á rangri lagastoð varðandi setningu reglna um raforkumæla s.s. markaðssetningu þeirra, notkun og prófunar – og löggildingarkröfur þar sem í drögunum er vísað til laga nr. 65/2003 en ekki laga nr. 91/2006 og reglna EES-réttarins sem ráðuneytið hefur innleitt á grundvelli laganna. Þar skipta mestu máli ákvæði reglugerðar ANR nr. 876/2016 sem er innleiðing á almennu mælitækjatilskipunni (MID) þar sem ófrávíkjanlegar og almennar reglur eru settar varðandi mælitæki sem falla undir hina samhæfðu löggjöf ESB, þ.m.t. löggildingarskyldir raforkumælar. Með setningu hinna nýju laga um mælingar og mælitæki árið 2006, svo og eftirfarandi setningu reglugerða sem m.a. innleiða samhæfða löggjöf ESB um mælitæki urðu því kaflaskil hér á landi og ekki framar unnt að setja reglur um mælitæki, þ.m.t. um markaðssetningu, löggildingarhæfi, prófunarkröfur, eftirlit o.fl. á grundvelli annarra laga eins og e.t.v. var hægt að gera árið 2003.

Í reglugerðardrögunum virðist sem að blandað sé því saman reglum sem með réttu þarf að setja á grundvelli laga nr. 91/2006 er varða lágmarkskröfur um raforkumæla, mælabúnað, mælingar á raforku, löggildingu þeirra og heimil frávik við prófun mælitækja annars vegar og svo hins vegar ákvæðum um hlutverk, réttindi og skyldur aðila sem stunda raforku, sem að einhverju leyti eiga stöð í lögum nr. 65/2003.

Neytendastofa hefur farið yfir drög að reglugerðinni og gæti lagt fram umsögn um drögin eins og þau hafa verið sett fram. Stofnunin vill þó áður en það væri gert óska eftir því að tekin verði formleg afstaða til þess hjá ráðuneytinu að skilja frá og setja í sérstaka reglugerð ákvæði um tæknilegar kröfur til mælibúnaðar, ábyrgð á mælingu raforku, rekstur mælibúnaðar og


mælikerfa, mælaálestur og miðlun gagna og þau önnur grundvallar atriði sem verða að vera í reglugerð sem á sér lagastoð í lögum nr. 91/2006 sbr. og reglugerð nr. 876/2016 (MID tilskipunin).


Neytendastofa telur að miklu máli skipti að setja framangreindar reglur með framangreindum hætti og önnur alls óskyld ákvæði verði tekin til hliðar og sett inn á annan hátt með stoð í lögum nr. 65/2003 eftir því sem við getur átt, s.s. reglur sem ráðuneytið vill setja á grundvelli almennra ákvæða í raforkulögum, s.s. um skyldur sölufyrirtækja, gerð raforkusamninga, verklagsreglur og almenna viðskiptaskilmála, o.fl.

Neytendastofa óskar því hér með eftir því við ráðuneytið að tekin sé afstaða til framangreindra sjónarmiða áður en stofnunin leggur fram athugasemdir við drögin eins og þau liggja fyrir nú. Einnig verði skýrt nánar með hvaða hætti eigi að taka tillit til grunnkrafna sem gerðar eru í lögum nr. 91/2006 varðandi mælingar og mælitæki, og reglna settra samkvæmt þeim við setningu reglugerðarinnar.

Jafnframt lýsir stofnunin sig reiðbúna til þess að gera fyrstu drög að slíkri reglugerð og færa í sérstök drög að reglugerð öll ákvæði sem stofnunin telur að eigi ekki heima í reglugerð um viðskiptahætti og almenna starfsemi raforkusölufyrirtækja.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Svava G. Ingimundardóttir
Lögfræðingur